

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, sorpurðunarsvæði Höskuldsstöðum og færsla efnistökusvæðis og Vestfjarðavegar við Fellsenda.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. apríl 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglyst þann 24. maí 2014.

Breytingin felst í eftirfarandi: Landbúnaðarsvæði á Höskuldsstöðum er breytt í 5 ha sorpurðunarsvæði þar sem gert er ráð fyrir urðun óvirks úrgangs allt að 500 tonnum á ári. Vestfjarðavegi nr. 60 er hliðrað til suðurs á um 1.100 m kafla við Fellsenda og tengingar Fellsendavegar og Hlíðarvegar við veginn breytast lítillega. Gert er ráð fyrir nýrri tvíbreiðri brú yfir Reykjadalsá en núverandi brú verður nýtt undir reiðveg. Efnisnámu E14 við Fellsenda er hliðrað niður á áreyrar Reykjadalsár og verður efnistakan undir 25.000 m<sup>3</sup>. Vatnsból austan Fellsenda er fellt út og vatnsverndarsvæði III í farvegi Suðurár/Hundadalsár minnkað.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 27. maí 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2014